

Framtíðarskáldið H. G. Wells og framtíðin.



H. G. Wells.

Eftir Helga Péturss

I.

Fyrir mórgum árum — það var sunnarið 1908 — heimsótti jeg einu sinni skáldið H. G. Wells, sem var þá þegar orðinn einn af frægustu rithöfnum á enska tungu. Var heimili hans eitt af þeim segurstu sem jeg hefi sjéð, ríkumannlegt var það og vel greinilegt, að árstejkjur húsbóndans nundu skifta tegum þúsunda eigi allfáum, en það sem miður fannst meira um, var þó sá svipur yfir öllu, sem auðurinn eimur nægir ekki til að skapa. Var það auðsjeð, að Mr. Wells mundi vera maður vel kveæntur, því að það er, eins og kunnugt er, einkum konan sem svipinn setur á heimilið. Einig úti við var fagurtt um að litast. Wells átti þá heima suður við Ermarsund; var þar viðsýnt mjög yfir eina af fjölförnstu skipaleiðum heims, og fannst miður vel við eiga, að hið mikla viðseisskáld ætti heima á slíkum stað.

II.

H. G. Wells varð sjötugur í haust sem leið og var hans þá minst í blöðum og útværpi um alla jörð sem eins af mestu rit-snillingum samtíðarinnar. Eru það ótrúleg ósköp sem hann hefir rit- að, og mun þar koma nokkuð til greina hið góða heimili, en einig það hvernig hanu er ættaður; bæði faðir hans og aði höfðu verið útiverumenn miklir, hafði annar þeirra knattspurnu að atvinnu, en hinn garðyrkjó. Mið varð, þegar jeg sá við hvernig ástæður hið

enska skáld lífði, hugsað til tveggja annara ágaætra snillinga L. P. Jacobseins, sem er einn sá maður er af mestri sniði hefir rit- að danska tungu, og Jóasar Hallgrímssonar. Edvard Brandes hefir í merkilegri bók um Jacobsen lýst íbúð hins mikla segurðardýrkanda, og væri það oflof, að segja, að hún hefði verið skrautlaus. En á Jónas, sem ef til vill átti ekki sinn líka meðal samtíðarmanna sína, þarf varla að minnast í sambandi við heimili; og af brjefi hans til Jóns Sigurðssonar má sjá, að hann átti stundum ekki fyrir einföldustu málitið matar. Enskar ástæður eru ekki alllitið riflegri heldur en þær sem himm íslenski og jafnvél himm danski snillingur áttu við að búa, en því verður heldur ekki meitað, að Wells hefir í besta lagi notfaert sjer hina betri aðstöðu sína. Wells er náttúrufræðingur og skáld, eins og þessir tveir snillingar sem jeg nefndi, og var kennari hans himm ágaetti dýrafræðingur og ritsmil- lingur T. H. Huxley, aði þeirra Aldous og Leonards Huxley, sem nú eru frægir. Er hinn síðarnefndi dýrafræðingur og hefir ásamt skáldinu og syni hans G. P. Wells, ritað mikla bók um líffræði, sem heitir *The Outline of Biology*.

III.

Það sem laðaði mig að H. G. Wells, var hversu viðsýnn hann var og langsynt, skáld gott og örðsnjall með ágaetum; neytti

hann og hið besta hinnar miklu bekkingar sinnar í náttúri fræði. Bókin sem fyrst gerði hann frægan, Tímarjelin, hefði aldri rituð verið, ef jarðfræðin hefði ekki kent höfundinum að líta mjög langt aftur í tímum og skilja hversu stórkostlegar breytingar höfðu á hundruðum áraþúsunda og miljónum orðið á lífinu á jörðinni. Nú reyndi hann á svo gáfu-legan hátt, að athygli vakti víða um lóni, að líta fram, og að vísu er það helstefnuframynda og hún af mjög ferlegri tegund, sem hani lýsir. Jeg ætla ekki að fara að telja upp hin fjölmörgu rit Wells, aðeins geta þeirra, sem helst hafa haft þýðingu fyrir mig. Er þar fyrst að nefna stutta ritgerð um framtíð mannykynsins sem kom í náttúrunfraðitímaritinu „Nature“, og jeg tel með því besta sem Wells hefir ritað, lýkur hann þar málí sínu eitthvað á þá leið, að maðurinn mun standa á jörðum eins og fótstalla og teygja sí uppi í stjörnurnar, eða út á meðal stjarnanna; en þó sýna hin önnur rit höfundarins, að þarna er frent um að ræða skáldlegt orðtæki en að því hafi fylgt nokkur hugs um samband mannykyns vor við íbúa stjarnanna. Annað eru sem íjer fanst sjerstök ástaða til að vera höfundinum þakkláttur fyrir, er framtíðarlýsing hans er hann nefnir A modern Utopia og þar sem hann segir frá jarðstjórum er sje í einhverju ónn sólhverfi, en þó gagulík vorri jö

að öðru en því, að manukynið þessi miklu lengra komið. Er sú básnildarverk mikil þó að hvetu nærrí jafnist hún að stórkostlegum og nýstárlegum hugsum við framtíðarlýsinguna míns virðilega vinar próf. Macmillan & Brown, þá er hann nefnir Lianora eða Framfaraeypjuna, er Wells skáld meira, en heimspeingur ekki eins mikill og höfður Framfaraeypjumar. Þá er skáldsagan Halastjörnudagar, The Days of the Comet, þar sem að hygg að Wells hafi nánó hámað sínu og líklega er óhátt að því eina af allra bestu skáldsögum sem til eru í bókmentum janvorrar. Virðist íjer það frásagnarvertri, að þó að jeg hafi að allsbor ritgerðir um Wells leitt á ýmsum málum, þá hefi jeg engri þeirra sjeð einmitt þessarar bestu bókar hans getið, og kemur þar, ef til vill fram, hversu gjarni mönnum er, að kunna einmitt ekki að meta það sem allra best er. Segir sagan frá því, er halastjarna rekst á jörð voru, og steypist þá yfir hana svo undursamleg lofttegund, að allir sofna fyrst; en er þeir vakna af þeim svefn, eru þeir orðnir að nýjum og betri mönnum, svo að nú tekst þeim með allsherjar samtökum og án þess að nokkrar óeirðir verði, nokkur sje meiddur eða dreppim eða nokkrum steptyt af stóli, að skapa þetta sem vjer þráum svo mjög, viðumandi, framfarahæft mannfjelag. Verða þar á skómmi

um tíma, þegar rjett er að öllu farið, hinar stórkostlegnstu umbatur. Ær þessu öllu saman lýst af hinni ágaetustu snild, en Wells er mjög glöggskygn á það, hversu gott gæti verið að lífa og hversu mikils er farið á mis þegar lífið mistekst. Ef jeg man rjett, þá er til stutt saga eftir Conan Doyle, þar sem segir frá snöggum og undursamlegum framförum mannyknsins, sem verða á mjög lískan hátt og lýst er í Halastjörnusögn Wells. Virðist mjer þetta mjög eftirtektarvert, því að ólíklegt verður að telja, þar sem um slíka snillinga er að ræða, að annarhyv orðið hafi hinn stelt. Miklu frenur verður að líta á sögur þessar sem tákni símannna, telja að þær sjú til orðnar ríyrir hugbod ágaetra skálda um þann skjóta og mikla bata á högum mannyknsins, sem í viendum er -- eða gæti verið. Því að nú syrtir svö að og heimskan má sín nú svö mikils, að það er orðið hýsna erfitt að halda í þá von, að nokkurn tíma munj í sammleika vora fyrir lífið á jörðu þessari. Framh.

Jeg hefi þessa dag ma verið að leia tvær bækur um manni, sem jarðið mikil að að askuárum minnum -- og dáiðist að eini, þó að jeg sjái nú miklu betur en áður óeðilegar og óljákvænilegar takmarkanir þeirra -- Darwiou og T. H. Huxley. Bók Darwinus um uppruna tegundanna hafði meiri áhrif á hugsunarátt manna en ef til vjll nokkur önnur bók, sem út kom á oldiuni sem leið, og T. H. Huxley, hinn ágaeti kennari H. G. Wells, var einn af helstu stuðningsmönnum Darwinus. Ef til vjll verður það til þess að gera einhyrjun haegara fyrir um að treysta því, sem jeg segi, ef jeg get þess, að jeg las bók Darwinus um uppruna tegundanna þegar jeg var 17 ára, og hefi altaf síðan haft mikinn áhuga á því máli, eins og raumar er sjálfsagt fyrir jarðfræðing og þá einkum þann, sem jafnframt hefir áhuga á því, sem kallað hefir verið heimspeki (filosofi). Náttúrufræðingurinn Hingston, sem ritað hefir bókinu um Darwin, vekur athygli á framfaraleysi framvindukenningarinnar frá því á dögum brautryðjendanna, og segir, að þar sje stórra nýrra hugsana þörf, ef vel eigi að vera. Mjer þykir ekki ólíklegt, að ef ritgerðir mínar væru ekki eftir Íslending, heldur útlendan mann, þá mundu íslenskir herdómsmenn hafa veitt því eftirtekt, að eimitt í þeim ritgerð.

um er að finna þær hugsanir, sem þarf til þess að koma framvindukenniðinni (evolútionismannum) fullkomalega að framfaraleið. Jeg hefi bent að fállumþjandi dýrinu á uppruna lífsins hjer á jördumí og einnig á markmiðið, sem reynt er að stefna að, á þann hatt, að ekki verður efast um, að það er rjett. Og jeg býst við, að ef menning lesa erindi sem próf. Julian Huxley, sonarsonur hins fræga samherja Darwíns, flutti um framvindukenningu á þingi vísinda-framfarafjelagsins breska s.l. haust, þá muni þeir sjá, hversu mikil þörf er á að gera sjer ljóst, að framvindustefnurnar eru tvær, önnur sú, sem jeg hefi með grísku orði nefnt Dysexelixis, en á íslensku helstefna, og hin sem jeg nefni diexelixis eða lífstefnu, þar sem rjett er stefnt, og öll framvinda er til hins fullkomara og betra, eða sönn framför. Þegar jeg var farinn að áfta mig á þessu, sá jeg, að eigi einungis hafði hjer á jörðu verið um sanumefnda helstefnusögu að ræða, heldur einanig, að nú var komið að þeim tíma mótum, að aldrei höfðu önnur eins verið í sögu jarðlífsins, og að hætturnar, sem yfir vorðu, mundu fara svo stórkostlega vaxandi, að allar horfur væru á fullkomnum ósigri fyrir lífið hjer á jörðu, ef ekki tækist, og það innan skamms, að breyta framvindunni frá helstefnu til lífstefnu. Sá jeg að mikils mundi við þurfa,

ef mál mitt ætti að fá nokkurn frangang, og þótti þungt fyrir. Komin mjer þú í hug að snúa mjer til H. G. Wells um liðveislu, vissi jeg að mikil mundi um ham minna, svo náttúrunfróður sem hanu var og ágætur ritsnillingar og átti lesendur og aðdáendur víðsvegar um allan hinn laesa heim. Það var þó varla síður skáldsins sjálfs vegna, sem jeg hafði í hyggju að snúa mjer til hanum, vildi jer launa honum þannið, hvað baekur hans höfðu verið mjer mikils virði, að fá hann til að gerast meðeigandi í þýðingarmiklum hugsunum og uppgötvunum. Var mjer þetta því ríkara í hug, sem mjer virtist

Wells vera kominn nokkuð út af sinni fyrri leið, og ekki til bóta.

Settist jeg nú við að skrifa skáldinu, í þeim tilgangi að skýra fyrir honum mál mitt. En þegar komnar voru 24 síður, kom mjer nokkuð í hug, sem rannar er skiljanlegt og afsakanlegt, að jeg skyldi ekki muna eftir þegar í stað. Jeg sá fram á, að Wells mundi alls ekki bera við að lesa svona langt brjef, hætti jeg því við að senda ritgerð þessa, en skrifadaði í þess stað stutt. Og fjekk jeg að vísu svar, en enga liðveislu. Þess má geta Wells til afsökunar, að það er mjög líkilegt og eðlilegt, að honum hafi virst sem jeg væri snúinn til dulrænu og hættur að treysta á vísindalega undirstöðu lífsskoðunar.

og er það þó misskilningur. Wells trúir ekki á það, að maðurinn lífi þótt hann deyi, og þegar menn aðgæta sögu pekkingarinnar og hugleiða hve mjög ódauðleikakenningar hinna ýmsu trúarbragða hafa verið tengdar hugmyndum um heiminn, sem náttúrufræðin hefir ótvíræðlega sýnt að eru mjög rangar, þá mun þeim verða skiljanlegt, að vísindalega mentuðum mönnum er erfitt í þessum efnum. Skrítin virðist mjer sú hugmynd Wells, að það sje nokkurskonar vítaverð eigin-girni að óska sjer framlífs, og fæ jeg með engu móti sjeð, að það sje á nokkurn hátt vítaverðara að óska sjer lífs og framfara um þúsundir og miljónir ára eða óandanlega, heldur en um nokkra áratugi. Þess er þó rjett að geta, að nokkurskonar óbeinlínus stuðning veitti Wells mjer með því, að einmitt um það leyti, sem jeg fór að reyna til að vekja eftirtekt á því, hversu nauðsynlegt er að vita um lífið á stjörnunum og ná sambandi við það. Samdi hann sögu, sem heitir „In the country of the Blind“, í landi hinna sjónlausu. Segir þar frá sjáandi manni, sem kemur þangað, sem allir eru sjónlausir, og er hann ællar að fara að fræða þá um sól og stjörnur, þá verður hann af því óvinsæll og er talinn fárisari maður en aðrir og jafnvel kaðlegur. Má líta á sögu þessa

sem hyöt til þess að smúast ekki illa við uppgötynum, sem miða til að auka mjög stórkostlega skilning þeirra a heiminum og tilverunni.

Betur heldur en H. G. Wells reynlist mjer hinn ágæti landfræðingur próf. Maemillan Brown, höfundur einnar af merkilegustu bókum, sem ritaðar hafa verið, sögunnar um Framfaraeyna. Það var af hvötum M. B., sem próf. Arnold Wall ritaði langa grein og merkilega um bók mína Nýal í sennilega besta blaðið, sem kemur út á suðurhveli jarðarinnar; heitir greinin „A Thinker in Thule“, íslenskur heimspekingur, og vakti hún nokkra eftirtekt, en þó ekki svo dygði. Nýja Sjáaland er langt í burtu, og minn virðulegi vinur próf. Maemillan Brown, háaldrasur orðinn. Og menn eru því miður, þar sem helstefnan ræður, svo sljóir gagnvart saunleikanum. Sagði ekki Jesús þessi eftirtektarverðu orð: Einmitt af því að jeg segi yður sannleikann, trúið þjer mjer ekki.

V.

Það er óhætt að segja, að engir menn hafa ljger á jörðu verið eins hataðir eða sætt verri meðferð en ýmsir þeir sem mestan hug höfðu á því að leita sannleikans og eiumið þau sannindu höfðu fundið sem sjerstaklega horfðu til að koma mannyntu á rjetta leið og baeta hug þess. Í þessu efni hefir þó á síðari öldum mjög mikil lagast, einsog kunnugt er. En þó er það sannast að segja, að ennþá lífir í þeim kolunum, og hefi jeg fengið að finna það talsvert erfiðlega og mjög tiltafar. Mætti um þetta ríta langt mál og fróðlegt, þó að því sje hjer slept.

En taka vil jeg það fram, að jeg tel það sjálfsgagða skyldu hyvers manns, sem með nokkrum sanni á að geta kallast vísindamaður, að segja frá því sem hann hyggur sig hafa fundið til þekkingarauka, og láta sjer ekki í augum vaxa, þó að ólíklegt kumi að þykja, eða einhver verði jafnvil til þess að hata hann fyrir. Og jeg hefi þess vegna hiklaust sagt frá því sem jeg hefi talið mig finna, hvort sem það var í jarðfræði Íslands, eða öðru sem jeg hefi verið að fást við, jafnvel þó að það bryti mjög í bág við þær skoðanir sem áður voru til á þeim efnum. Svo margir gódir náttúrufræðingar höfðu meiri eða minni stund lagt á jarðfræði Íslands, að það var alt annað en árennilegt, að þurfa að segja frá

því, að mjög verulegar hluti af bergi landsins hefði verið algerlega misskilum, og að langmestur hlutinn af menjunum hins merkilega ísaldatímabils hefði verið algerlegar ókunur. En nú eru þó merkir jarðfræðingar, innlendir og útlendir, farnir að taka undir þetta af miklu drengskap og auka þar við, og þarf jeg ekki annað en nefna nöfnin Jóhannes Áskelsson, Pálmi Hannesson, dr. Niels Nielsen og dr. Noe Nygaard. Má búast við miklu og merkilegum framförum í jarðfræði Íslands, þegar á næstu árum, ef vel gengur. Um framhald annara ramusóknna, sem jeg hóf 1902, fái eium árum seinna en jarðfræðirannsóknir mínar, horfir ekki eins vel. Og þó hefi jeg á fullkomlega eins vísindalegan hátt fundið, að samband manna í svefní við íbúa annara stjarna, á sjer stað, og er eins eðlilegt (normalt) einsog t.d. samband líkama vors við fýri (súrefni) lofthvolfsins. Og hjer með erum vjer nú að komast að framtíðinni, því að þetta sem jeg veik að, mun reynast hið mesta ramusóknarefni framtíðarinnar, samnefnd alda-kiftauppgötvun, og með því að fullkomna sambandið við íbúa stjarnanna, mun verða auðið að skygnast fram í tímanni mjög miklu betur en nú, og nota þá vitneskjum, sem þannig faest, til að afstýra því sem til ills horfir. Jeg hefi fundið, náttúrulögumál það er jeg nefni stilli-

lögmál (Law of determinants, eða ef til vill öllu betur Law of epitrope) og kemur það fram in a. í því, að draumar manna fara mjög eftir aðrifum annara á þá. En stilliáhrif þessi eru þó miklu viðtækari. Hins skapandi kraftur í alheini, leitast alstaðar við að láta hið ófullkommara njóta góðs af því sem fullkommara er, og koma á sambandi þar á milli. Og þannig er einnig leitast við að koma lífinu hjer á jörðu í samband við stjórnun, þar sem lífis ð er lengra komið. En aldaskifti verða á hverri mannlífsjarðstjörnu þegar mannikynið þar uppgötvar sjálft þetta samband og fer að gera hinum nauðsýnlegu ráðstafanir til þess að það komist í rjett horf. Og er þar nú einmítt mjög um stilliáhrif að ræða. Heimskulegt huggarf og breytni, og níðingsverk, smá og stór, miða til sambands við illa staði, og fer þá jafnan ilt versnandi. Og á hinnum veginn þar sem vel er. En þó dugar ekki til fulls fyr en sú þekking vinst sem jeg veik á, því að þá verða aldaskifti og gagngerð breyting á lífi þess hnattar. Ekkert leiðir eins til illra sambanda og alls þess ófarnaðar sem þau hafa í för með sjer, einsog ef þeim sannindum, sem til aldaskiftanna miða, er illa tekið og þau jafnvel troðin niður. Og hið ískyggilega ástand, sem nú ræður hjer á jörðu, á síma dýpstu rót að

rekja til þess, að það er einmítt þetta sem á sjer stað nú hjer hí oss. Jafnvel sumarleysi slíkt sem vjer eignum nú við að búa hjarna á Íslandi í sólmánuði sjálftum, mundi ekki eiga sjer stað, ef ljós sunnleikans fengi að skína. Undir því er framtíð jarðar vorrar komin, framar öllu öðru, hvort alda-skiftasannindin verða þegin og ávöxtuð, eða troðin niður einsog nú virðast helst horfur á. En ef svo illa fer, þá er auðvelt að segja hvernig framtíð mundi af því leiða. Nefni jeg aðeins það sem oss er næst. Ástundið hjer á landi mundi, eftir fáeina áratugi, vera orðið verra en var í þeirri ógúrlegu óáran, sem gekk hjer yfir fyrir aldamótin 1800, og íslenska þjóðin mundi með öllu verða líðin undir lok eigi síðar en á næsta öld. Hinsvegar er býsna skemtillegt að hugsa sjer hvernig íslensk framtíð mun verða, ef sannleikurinn nær að sigra. Og emþá er ekki ástæða til að sleppa allri von um að svo kunní að fara. Furðulegt næsta er fyrir oss, sem á elliár erum komnir, að sjá hvernig þjóðin hefir á þessum síðustu áratugum, þegar ástæður til að lifa fóru batnandi, sótt aftur í hið forna horf um vöxt og fríðteik og annað utgerfi. Og með óyggjandi vissu má segja það fyrir, að í þessa átt mun verða ennþá glæsilegra framhald ef oss auðnast að vinna bug á helstefn-

unni. Tíðarfarsbreytingin sem nú er að hefjast og hefir þó gengið nokkuð skrykkjótt, mun takast, eins svo fer, að engin sunur um alla jörd verða skemtilegri en íslensk. Og mórg íslensk nöfn, bæði karla og kvenna, munu skína víða um lönd, sem þeirra er til gagus og gleði hafi orðið, eigi einungis sinni eigin þjóð, heldur fjölmögum öðrum.

Og það mun verða lýðum ljóst, að þessi litla þjóð er það sem engin þjóð hefir verið áður og að það var ekki af neinni tilviljun, heldur að vilja guðanna, sem valið lið af Norðurlöndum fór að byggja þetta land, sem nálega hefir verið óbyggilegt þegar tíðarfarsbreytingin varð mest niðurávið, svo að það var aðeins með hinum mestu naumindum, sem þannig varð bjargað hví sem ekki máttí undir lek líða, ef ekki átti tilraunin til að sigra helstefnuna að mistakast með öllu á þessari jörð.

Eftir að ritgerð þessi var saman, hefi jeg sjeð bókina Iceland's

great Inheritance, London 1937, þar sem stórettaður og viðförull Breti. Adam Rutherford, heldur því fram af hinni undursamlegustu andagift, að íslensku þjóðinni, svo lítil sem hún er, sjé stórmerkilegt hlutverk ætlað í sögu alls mannkyns og þar sem höfundurinn einmitt tekur það fram, að það sjé greinilegt, að guðleg forsjón hafi haft ákveðinn tilgang með byggingu Íslands. Jeg síðar segja nánar frá þessari langmerkilegustu bók sem nokkuð útlendingur hefir um Ísland ritat.¹⁾ Rutherford virðist mega telja andlegan frænda Williams Morris, hins ágæta skálds og Islandsvinjar, og er það hinni miklu bresku þjóð til hins mesta sóma, að þar skuli geta verið til menn sem af svo ótrúlegri djúpsæi og skarphyggni hafa kumað að meta þýðingu einnar hiunar minstu smáþjóðar.

Helgi Pjeturss.

¹⁾ Sbr. greinar í „Fálkanum“ 2. kt. og 23. okt. og í „Vísi“ 5. okt.